

# Uppgjör 6M 2023

**Lilja Björk Einarsdóttir**
Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**
Framkvæmdastjóri
Fjármála og rekstrar

# Öllum fjárhagsmælikvörðum náð á fyrri hluta ársins

## Traustur rekstur og sterk fjárhagsstaða fyrstu 6 mánuði ársins

| Hagnaður | Hreinar vaxtatekjur | Hreinar þjónustutekjur |
|---|---|---|
| 14,5 ma.kr. | +28,6% | +6,1% |
| | Kostnaður sem hlutfall af tekjum | Arðsemi eigin fjár |
| | 36,2% | 10,3% |
| Heildareignir | Eigið fé | Eiginfjárhlutfall |
| 1.896 ma.kr. | 285 ma.kr. | 25,3% |

**Arðsemi eigin fjár** var 10,3% á fyrra hluta ársins og öllum fjárhagslegum markmiðum bankans er náð.

**Vaxtatekjur og vaxtagjöld** bankans hafa hækkað í hækkandi vaxtaumhverfi og með stækkun efnahagsreiknings bankans.

**Viðsnúningur er í virðisbreytingu útlána** milli ára en virðisbreytingar eru neikvæðar um 1,6 ma.kr. það sem af er ári.

**Hóflegur útlánavöxtur,** en útlán aukast um 3% á fyrsta helmingi ársins og vanskil eru enn í lágmarki.

**Kostnaður sem hlutfall af tekjum** lækkar með auknum tekjum. Kostnaður hækkar milli ára vegna launabreytinga í kjölfar kjarasamninga.

**Sterk eiginfjárstaða** sem er 510 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila. Ný eiginfjárkrafa er 20,2%.

# Stöðugur rekstur í öðrum fjórðungi

Helstu breytingar milli annars fjórðungs 2022 og 2023 eru að hreinar vaxtatekjur hækka með hækkandi vaxtastigi og aðrar rekstrartekjur hækka um 3 ma.kr.

Hagnaður
**6,7**
ma.kr.

Hreinar vaxtatekjur
**+29,7%**

Hreinar þjónustutekjur
**-2,9%**

Arðsemi eigin fjár
**9,6%**

Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T hlutfall)
**39,5%**



# Landsbanki nýrra tíma

## Stefna bankans styður við langtíma arðsemismarkmið



Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag



Auðvelda viðskiptavinum lífið með einföldum og öruggum lausnum



Stöðugur árangur í rekstri og sterk geta til breytinga



Eftirsóttur vinnustaður

# Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag

Bankinn styður með ýmsum hætti við íslenskt samfélag með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

## Hönnunar Mars

3 viðburðir í Reykjastræti til að styðja við íslenska hönnun, arkitektúr og mikilvægt frumkvöðlastarf.

## Skólahreysti

Yfir 100 milljóna króna stuðningur á níu árum sem þúsundir ungs fólks hafa notið góðs af.

## Námsstyrkir

Við höfum styrkt framúrskarandi námsmenn í 34 ár og úthlutað yfir 200 milljónum króna.



# Landsbankinn er leiðandi í sjálfbærni

## SUSTAINALYTICS

ESG INDUSTRY TOP RATED 2023

ESG REGIONAL TOP RATED 2023

Með **bestu** einkunn Sustainalytics á Íslandi upp á 8,5

## BREEAM®

Hönnun á nýbyggingu bankans við Reykjastræti 6 fékk einkunnina **frábært**

## Reitun

**Framúrskarandi** einkunn í UFS-mati Reitunar

# Allir bankarnir í appinu okkar

## Appið er fyrsta val 90% viðskiptavina

### Betri saman – í appinu

Nú sérðu reikninga sem þú átt í öðrum bönk-um í Landsbankaappinu

### Snertilausir hraðbankar

Innleiðing er hafin á snertilausri hraðbankaþjónustu

### Sameiginleg sýn á fjármálin

Í appinu getur þú nú valið að veita öðrum, t.d. maka, aðgang að reikningunum þínum

### Aukið öryggi í netviðskiptum

Nú er beðið um rafræn skilríki við kortagreiðslur í netverslun



# Yfir 1.000 ný fyrirtæki og félög í viðskipti

## Sóknin heldur áfram og aldrei hafa fleiri fyrirtæki bæst í hópinn



Frábærar viðtökur

Færsluhirðing
**130%**
fjölgun viðskiptavina á ársfjórðungnum!

**5%**
útlánaaukning í heild til fyrirtækja frá áramótum

**10%**
aukning á nýjum fyrirtækjum í viðskiptum

**15%**
aukning á höfuðborgarsvæðinu

Bíla- og tækjafjármögnun hefur aukist um
**14%**
á árinu og hefur aldrei verið meiri

# Við erum betri saman

## Við finnum leið með þér

Endurfjármagna og sameina lán

Lengja lánstíma

Skipta yfir í blandað lán

Við miðum strax við fasteignamat ársins 2024

## Betri leiðir til að ávaxta

Spara í appi
Fimmföldun á innstæðum

Lífeyrissamningum fjölgar um 55% á milli ára

Ný Landsbók býður bestu verðtryggðu vextina

# Öflugri banki með skilvirkari rekstri

## Frá 2017 hefur viðskiptavinum fjölgað og starfsemin orðið hagkvæmari




Heildarhúsakostur sem Landsbankinn notar

**-35,5%**



Hagræðing við flutninga í Reykjastræti 6

**600 milljónir á ári**

Útibú og afgreiðslur

**úr 37 í 35**

Stöðugildi

**-19,7%**

Rekstrarkostnaður m.v. meðalstöðu heildareigna

**úr 2,0% í 1,4%**




Einstaklingar í virkum viðskiptum

**+20,6%**

Heildarútlán

**+72,4%**

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

## Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

### Arðsemi

**Arðsemi eigin fjár**




| Markmið | 6M 2023 |
|---|---|
| ≥ 10% | 10,3% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2023 er 10,5-12,5%.

### Skilvirkni

**Kostnaðarhlutfall (K/T)**




| Markmið | 6M 2023 |
|---|---|
| ≤ 40% | 36,1% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt K/T hlutfall á árinu 2023 er 32-35%.

### Fjárhagslegur styrkur

**Eiginfjárhlutfall alls**




| Markmið | 6M 2023 |
|---|---|
| ≥ 22% | 25,3% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum.

**Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)**




| Markmið | 6M 2023 |
|---|---|
| ≥ 18% | 22,6% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Stefnt er að því að fullnýta áfram svigrúm til útgáfu eigin fjár þáttar 2.

**Markmið:** Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs

---- Markmið

# Rekstrarreikningur

# Rekstrarreikningur

| | 6M 2023 | 6M 2022 | Breyting | | 2F 2023 | 2F 2022 | Frávik | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 27.535 | 21.418 | 6.117 | 29% | 14.469 | 11.152 | 3.317 | 30% |
| Hreinar þjónustutekjur | 5.751 | 5.422 | 329 | 6% | 2.703 | 2.783 | -80 | -3% |
| Hrein virðisbreyting | -1.591 | 43 | -1.634 | -3.810% | 520 | -735 | 1.255 | -171% |
| Aðrar rekstrartekjur og (gjöld) | 2.782 | -4.051 | 6.833 | -169% | -535 | -2.358 | 1.823 | -77% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **34.477** | **22.832** | **11.645** | **51%** | **17.157** | **10.842** | **6.315** | **58%** |
| Laun og launatengd gjöld | 8.313 | 7.339 | 974 | 13% | 4.194 | 3.584 | 610 | 17% |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.725 | 4.517 | 208 | 5% | 2.370 | 2.118 | 252 | 12% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 1.120 | 1.015 | 105 | 10% | 550 | 505 | 45 | 9% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **14.158** | **12.871** | **1.287** | **10%** | **7.114** | **6.207** | **907** | **15%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **20.319** | **9.961** | **10.358** | **104%** | **10.043** | **4.635** | **5.408** | **117%** |
| Tekjuskattur | 5.846 | 4.404 | 1.442 | 33% | 3.326 | 2.294 | 1.032 | 45% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **14.473** | **5.557** | **8.916** | **160%** | **6.717** | **2.341** | **4.376** | **187%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## Hækkandi vaxtastig og stækkun efnahagsreiknings skila 29% aukningu í hreinum vaxtatekjum




### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þjónustutekjur




### Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur






Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## Rekstrarkostnaður hækkar vegna kjarasamninga og verðbólgu

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Rekstrargjöld









Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur

# Heildareignir

## Útlán til viðskiptavina aukast um 3% á sama tíma og heildareignir aukast um 6%

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 106 | 42 | 64 | 152% |
| Markaðsskuldabréf | 117 | 125 | -8 | -6% |
| Hlutabréf | 16 | 19 | -3 | -16% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 32 | 29 | 3 | 10% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.595 | 1.544 | 51 | 3% |
| Aðrar eignir | 30 | 28 | 2 | 7% |
| **Samtals** | **1.896** | **1.787** | **109** | **6%** |

- Útlán til einstaklinga jukust um 11 ma.kr. Íbúðalán hækkuðu um 1% eða um 10 ma.kr.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 47 ma.kr. en lækka um 7,1 ma.kr. vegna gengisáhrifa.







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## Hóflegur útlánavöxtur á sama tíma og vanskil og vandræðalán eru áfram nálægt sögulegu lágmarki

### Heildarútlán




### Vandræðalán







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

## Hækkandi verðbólga og vaxtastig hafa dregið verulega úr útlánavexti til heimila

### Útlán til einstaklinga




### Íbúðalán – endursetning vaxta




### Útlán heimila eftir lánsformum




### Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja

## Áframhaldandi vöxtur í útlánum til fyrirtækja, einkum til byggingarstarfsemi og fasteignafélaga

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

## Stærð virðisrýrnunarsjóðs endurspeglar sterka stöðu lántaka og vel tryggt útlánasafn

### Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




### Áhættukostnaður útlána




### Rekstraráhrif virðisrýrnunar




### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði nettó | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.493 | 93,0% | 4 | 0,3% | 1.489 | 93,3% |
| Áhættustig 2 | 78 | 4,9% | 2 | 2,5% | 76 | 4,8% |
| Áhættustig 3 | 20 | 1,2% | 4 | 19,7% | 16 | 1,0% |
| Gangvirði | 14 | 0,9% | | 0% | 14 | 0,9% |
| **Samtals** | **1.605** | **100%** | **10** | **0,6%** | **1.595** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

## Fjölbreytt fjármögnun og áframhaldandi vöxtur innlána

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 22 | 6 | 16 | 267% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.012 | 968 | 44 | 5% |
| Lántaka | 493 | 477 | 16 | 3% |
| Aðrar skuldir | 49 | 35 | 14 | 40% |
| Víkjandi lántaka | 35 | 22 | 13 | 59% |
| Eigið fé | 285 | 279 | 6 | 2% |
| **Samtals** | **1.896** | **1.787** | **109** | **6%** |

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 44 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 16 ma.kr. frá áramótum en þar af eru 9 ma.kr áhrif gengis.






# Innlán frá viðskiptavinum

## Innlán fara yfir 1.000 milljarða króna

### Innlán frá viðskiptavinum







- Innlán frá heimilum aukast um 45 ma.kr. frá áramótum en heildarinnlán frá viðskiptavinum aukast um 44 ma.kr. á tímabilinu.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 47% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.






Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lánsfjármögnun

## Ný €300m útgáfa sértryggðra skuldabréfa (úrvals) á fyrri hluta ársins, ásamt 12 milljarða víkjandi útgáfu í krónum

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

### Heildarlausafjárþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja erlendra mynta




### Fjármögnunarþekja



# Eiginfjárkröfur

## Eiginfjárhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,6% | 2,1% | 2,8% |
| **Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,1%** | **8,1%** | **10,8%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,9% | 2,9% | 2,9% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Sveiflujöfnunarauki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Verndunarauki | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **9,4%** | **9,4%** | **9,4%** |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **15,5%** | **17,5%** | **20,2%** |
| **Eiginfjárhlutföll 30.6.2023** | **22,6%** | **22,6%** | **25,3%** |

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 15. mars 2023 ákvað Fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5% með gildistöku 12 mánuðum síðar.
- Þann 30. júní 2023 birti Fjármálaeftirlit Seðlabankans viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt Stoð II-R og er hún nú 2,8% af áhættugrunni fyrir Landsbankann, en var áður 3,4%.

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

## MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur




- Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands er frá september 2022:
  - MREL-krafa Landsbankans er 22,8% af áhættugrunni.
    - Samsvarar 2 x [ Stoð I + Stoð II-R ].
    - Jafnframt ber að uppfylla 9,4% samanlagða kröfu um eiginfjárauka (CBR).
  - MREL-krafan, að viðbættri CBR, er því 32,2% af áhættugrunni í lok júní 2023, eða sem nemur 395,8 milljörðum króna*
  - Viðbótarfjárhæð vegna markaðstrausts (MCC) er ekki lögð á að svo stöddu.
  - Ekki er gerð krafa um undirskipan (e. subordination) að svo stöddu.

- MREL-fjármögnun Landsbankans er samtals 437,9 milljarðar króna í lok júní 2023, eða sem nemur 35,5% af áhættugrunni.

- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020. Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfu á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).
- Landsbankinn er skilgreindur af Fjármálastöðugleikanefnd sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).

* Við næstu ákvörðun MREL-kröfu skilavalds má gera ráð fyrir að hún lækki úr 22,8% af áhættugrunni í 21,6%, í beinu framhaldi af lækkun viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn undir Stoð II-R.

# Arðgreiðslur

## Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð

### Arðgreiðslutillaga 2023

- Á aðalfundi bankans þann 23. mars var samþykkt tillaga bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2022. Arðgreiðslan nemur í heild 8.504 milljónum króna sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2022 eða 0,36 krónum á hlut.

### Arðgreiðslur




### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 6M 2023




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki

# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 10% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (2022: 15%-70%-15%).

### Hagvöxtur




### Atvinnuleysi




### Verðbólga




### Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)




### EUR/ISK




### Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

| | 2F 2023 | 1F 2023 | 4F 2022 | 3F 2022 | 2F 2022 | 6M 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 6.717 | 7.756 | 5.677 | 5.763 | 2.341 | 14.473 | 16.997 | 28.919 | 10.521 | 18.235 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 14,3% | 14,7% | 12,2% | 13,3% | 7,0% | 14,5% | 10,1% | 13,6% | 5,1% | 9,6% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 9,5% | 11,1% | 8,2% | 8,5% | 3,5% | 10,3% | 6,3% | 10,8% | 4,3% | 7,5% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,4% | 1,7% | 1,3% | 1,3% | 0,5% | 1,5% | 1,0% | 1,7% | 0,7% | 1,3% |
| | | | | | | | | | | |
| Heildareignir | 1.896.369 | 1.916.993 | 1.787.024 | 1.771.128 | 1.728.143 | 1.896.369 | 1.787.024 | 1.729.798 | 1.564.177 | 1.426.328 |
| Hreinar vaxtatekjur | 14.469 | 13.066 | 12.869 | 12.177 | 11.152 | 27.535 | 46.464 | 38.953 | 38.074 | 39.670 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 3,0% | 2,8% | 2,9% | 2,8% | 2,6% | 2,9% | 2,7% | 2,3% | 2,5% | 2,8% |
| | | | | | | | | | | |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 157,6% | 157,4% | 159,6% | 154,6% | 154,6% | 157,6% | 159,6% | 154,1% | 160,5% | 161,1% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 39,5% | 33,3% | 42,0% | 43,2% | 49,3% | 36,1% | 46,8% | 43,2% | 47,4% | 42,6% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna | 1,4% | 1,4% | 1,5% | 1,2% | 1,3% | 1,4% | 1,4% | 1,4% | 1,6% | 1,7% |
| | | | | | | | | | | |
| Eigið fé samtals | 285.060 | 278.343 | 279.091 | 273.414 | 267.650 | 285.060 | 279.091 | 282.645 | 258.255 | 247.734 |
| Eiginfjárhlutfall alls | 25,3% | 25,3% | 24,7% | 24,2% | 24,9% | 25,3% | 24,7% | 26,6% | 25,1% | 25,8% |
| Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL) | 35,5% | 39,4% | 40,4% | | | 35,5% | 40,4% | | | |
| | | | | | | | | | | |
| Heildarlausafjárþekja | 165% | 235% | 134% | 147% | 144% | 165% | 134% | 179% | 154% | 161% |
| Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022) | 623% | 724% | 351% | 204% | 184% | 623% | 351% | 556% | 424% | 769% |
| Lausafjárþekja ISK | 146% | 128% | 99% | 126% | 132% | 146% | 99% | 120% | 105% | 61% |
| Fjármögnunarþekja | 120% | 121% | 117% | 121% | 122% | 120% | 117% | 121% | 116% | 117% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 136% | 145% | 132% | 142% | 136% | 136% | 132% | 142% | 132% | 143% |
| | | | | | | | | | | |
| Stöðugildi | 801 | 825 | 813 | 824 | 786 | 801 | 813 | 816 | 878 | 893 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 2F 2023 | 1F 2023 | 4F 2022 | 3F 2022 | 2F 2022 | 6M 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 14.469 | 13.066 | 12.869 | 12.177 | 11.152 | 27.535 | 46.464 | 38.953 | 38.074 | 39.670 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.703 | 3.048 | 2.745 | 2.456 | 2.783 | 5.751 | 10.623 | 9.483 | 7.638 | 8.219 |
| Hrein virðisbreyting | 520 | -2.111 | -192 | 2.622 | -735 | -1.591 | 2.473 | 7.037 | -12.020 | -4.827 |
| Aðrar rekstrartekjur og (gjöld) | -535 | 3.317 | 144 | -2.400 | -2.358 | 2.782 | -6.307 | 6.857 | 4.561 | 8.455 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **17.157** | **17.320** | **15.566** | **14.855** | **10.842** | **34.477** | **53.253** | **62.330** | **38.253** | **51.517** |
| Laun og launatengd gjöld | 4.194 | 4.119 | 3.986 | 3.149 | 3.584 | 8.313 | 14.474 | 14.759 | 14.767 | 14.458 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.370 | 2.355 | 2.637 | 2.135 | 2.118 | 4.725 | 9.289 | 9.105 | 9.064 | 9.534 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 550 | 570 | 535 | 547 | 505 | 1.120 | 2.097 | 2.013 | 1.815 | 4.204 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **7.114** | **7.044** | **7.158** | **5.831** | **6.207** | **14.158** | **25.860** | **25.877** | **25.646** | **28.196** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **10.043** | **10.276** | **8.408** | **9.024** | **4.635** | **20.319** | **27.393** | **36.453** | **12.607** | **23.321** |
| Tekjuskattur | 3.326 | 2.520 | 2.731 | 3.261 | 2.294 | 5.846 | 10.396 | 7.534 | 2.086 | 5.086 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **6.717** | **7.756** | **5.677** | **5.763** | **2.341** | **14.473** | **16.997** | **28.919** | **10.521** | **18.235** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 | Breyting | | 31.12.2021 | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 106.299 | 42.216 | 64.083 | 152% | 82.425 | 67.604 | 69.824 |
| Markaðsskuldabréf | 116.515 | 125.265 | -8.750 | -7% | 150.435 | 119.330 | 115.262 |
| Hlutabréf | 15.504 | 19.106 | -3.602 | -19% | 33.347 | 26.808 | 30.019 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 31.628 | 28.621 | 3.007 | 11% | 47.231 | 48.073 | 47.929 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.595.392 | 1.544.360 | 51.032 | 3% | 1.387.463 | 1.273.426 | 1.140.184 |
| Aðrar eignir | 31.031 | 27.455 | 3.576 | 13% | 28.897 | 28.936 | 23.110 |
| **Eignir samtals** | **1.896.369** | **1.787.024** | **109.345** | **6%** | **1.729.798** | **1.564.177** | **1.426.328** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 22.132 | 6.634 | 15.498 | 234% | 10.425 | 48.725 | 48.062 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.012.482 | 967.863 | 44.619 | 5% | 900.098 | 793.427 | 707.813 |
| Lántaka | 493.201 | 476.864 | 16.337 | 3% | 486.042 | 420.178 | 373.168 |
| Aðrar skuldir | 48.796 | 34.819 | 13.976 | 40% | 29.803 | 22.226 | 30.470 |
| Víkjandi lántaka | 34.698 | 21.753 | 12.945 | 60% | 20.785 | 21.366 | 19.081 |
| Eigið fé | 285.060 | 279.091 | 5.969 | 2% | 282.645 | 258.255 | 247.734 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.896.369** | **1.787.024** | **109.345** | **6%** | **1.729.798** | **1.564.177** | **1.426.328** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 30.6.2023 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | Önnur svið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.489 | 11.083 | 277 | 6.516 | 138 | 32 | 27.535 |
| Hreinar þjónustutekjur | 1.811 | 1.546 | 2.502 | -158 | 125 | -75 | 5.751 |
| Hrein virðisbreyting útlána | -294 | -1.300 | - | 3 | - | - | -1.591 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 44 | 48 | 50 | 2.562 | 91 | -13 | 2.782 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **11.050** | **11.377** | **2.829** | **8.923** | **354** | **-56** | **34.477** |
| Rekstrargjöld | -3.494 | -1.701 | -1.156 | -485 | -6.289 | 87 | -13.038 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -445 | -227 | -6 | -439 | -3 | - | -1.120 |
| Úthlutaður kostnaður | -2.256 | -1.508 | -595 | -511 | 4.870 | - | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **4.855** | **7.941** | **1.072** | **7.488** | **-1.068** | **31** | **20.319** |
| Tekjuskattur | -1.370 | -2.106 | -275 | -2.303 | 208 | | -5.846 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **3.485** | **5.835** | **797** | **5.185** | **-860** | **31** | **14.473** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 853.534 | 737.796 | 12.555 | 737.873 | 19.906 | -465.295 | 1.896.369 |
| Heildarskuldir | 799.098 | 620.463 | 8.558 | 631.760 | 16.725 | -465.295 | 1.611.309 |
| Úthlutað eigið fé | 54.436 | 117.333 | 3.997 | 106.113 | 3.181 | - | 285.060 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.